

## Leiðbeiningar vegna umsóknar byggingarleyfis

Þegar umsókn um byggingaleyfi er lögð fram þarf hún að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Uppdrættir skulu vera af stærðinni A2 eða A1 í þríriti og skulu þeir vera áritaðir af hönnuði. Þeir einir geta áritað bygginganefndarteikningar sem til þess hafa réttindi, þ.e. arkitektar, byggingafræðingar, tæknifræðingar og verkfræðingar.
2. Á uppdráttum skulu koma fram útlitsmyndir mannvirkisins frá öllum hliðum, grunnmynd eða grunnmyndir sé mannvirkið á fleiri en einni hæð. Þessir uppdrættir skulu að jafnaði vera í mælikvarða 1:100 eða 1:50. Afriti af teikningum í pdf formi skal jafnframt jafnframt senda á [skipulag@kjós.is](mailto:skipulag@kjós.is).
3. Afstöðumynd að jafnaði í mælikvarða 1:500 eða 1:1000. Á afstöðumynd skal koma fram staðsetning mannvirkja á lóðinni og málsetning sem sýnir fjarlægð að nærliggjandi lóðarmörkum ( lágmark 10 m). Ennfremur skulu koma fram útlínur á nærliggjandi lóðum og aðkomu. Gera skal grein fyrir bílastæðum og staðsetningu á rotþró. Bent er á kortasjá á heimasíðu Kjósarhrepps.
4. Skráningartafla. Með öllum byggingaleyfisumsóknum skal fylgja skráningartafla og skal hún fylgja umsókninni á pappír ( má vera A4 ) og sendast rafrænt á [skipulag@kjós.is](mailto:skipulag@kjós.is).
5. Byggingalýsing. Á uppdráttum þarf að koma fram lýsing á hvaða efni skulu notuð í mannvirkið, sérstaklega því sem lýtur að ytra byrði s.s. klæðningar, þakefni, litaval og áferð.
6. Byggingastjóri. Á umsókn um byggingaleyfi skal getið um byggingastjóra og fylgja staðfesting tryggingarfélags um ábyrgðartryggingu hans.
7. Byggingaleyfisgjöld: Byggingaleyfi tekur fyrst gildi þegar þau hafa verið greidd. Sjá verðskrá á heimasíðu Kjósarhrepps; [www.kjos.is](http://www.kjos.is)
8. Af öllum mannvirkjum skal skila inn burðarpols- og lagnateikningum árituðum af hönnuði aðaluppdráttu.
9. Bygginganefndarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði að jafnaði, í Ásgarði og skal erindum sem taka á fyrir fundinum skilað inn í síðasta lagi viklu fyrir auglýstan byggingarnefndarfund.